



Háskólinn á Hólum **Ársskýrsla 2014**



Efnisyfirlit

Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta.....	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna.....	4
Stoðþjónusta.....	4
Fjármála- og þjónustusvið.....	4
Tölvu- og tæknimál.....	4
Bókasafn	5
Kynningarmál	5
Deildir	6
Ferðamáladeild.....	6
Nám og kennsla.....	6
Starfsfólk.....	6
Stjórnun.....	6
Rannsóknir	7
Þjónusta og samstarf	8
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	10
Nám og kennsla.....	10
Rannsóknir	11
Þjónusta og samstarf	11
Hestafræðideild	12
Nám og kennsla.....	12
Starfsmenn	12
Rannsóknir	12
Búrekstur – hrossahald.....	12
Önnur verkefni.....	13
Kennslu- og framhaldsnámssvið.....	14
Nemendur og brautskráningar.....	15
Rannsóknasvið	16
Starfsemi	16
Rannsóknavirkni	16
Viðauki I. Birtingar 2014.....	17
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum 2014.....	21

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd landfræðilegri stöðu skólans. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, fiskeldis- og fiskalíffræði og hestafræða með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Vinnu að gæðamálum háskólans var fram haldið á árinu. Lokið var við innri úttekt á fiskeldis- og fiskalíffræðideild á vormánuðum og vinna að innri úttekt ferðamáladeildar hófst á haustmánuðum. Vinna að innri úttektum deilda við háskólann hefur lagst ofan á reglubundin störf starfsmanna deildanna og er þeim þakkað óeigingjarnt starf í þágu háskólans.

Brautskráning nemenda frá Háskólanum á Hólum markaði tímamót í sögu skólans á árinu líkt og á fyrra ári. Nú brautskráðust fyrstu tveir kándídatar skólans með M.A. gráðu í ferðamálafræðum. Þróun skólastarfs og afrakstur skipulags og hugmyndafræði liðinna ára kristallaðist enn og aftur í árangri nemenda skólans á árinu.

Á árinu heimsóttu fjölmargir einstaklingar háskólann heim til styttri eða lengri dvalar, tengt samstarfsverkefnum við fræðimenn háskólans eða til þess að stunda eigin rannsóknir í umgjörð háskólans. Má þar meðal annars nefna hóp líffræðinema frá Háskóla Íslands sem dvaldi á Hólum í viku við nám í grasa- og vatnalíffræði í náttúru Skagafjarðar. Háskólinn á Hólum leggur sig fram um að stuðla að samstarfi sem eykur breidd og styrkir íslenskt fræðasamfélag.

Á Hólum tókum við fagnandi á móti þeim sem sækja staðinn heim. www.holar.is

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor



Fyrsta M.A. í ferðamálafræðum, Guðrúnu Ólafíu Brynleifsdóttur afhent merki Háskólans á Hólum.

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskóla. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Nýtt háskólaráð var skipað í janúar 2014. Fulltrúar þess eru, auk rektors, Katrín Sigurðardóttir (Óttar Guðjónsson varamaður), tilnefnd af menntamálaráðherra, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Mette Camilla Moe Mannseth, varamenn) fulltrúar starfsmanna Háskólans á Hólum, Helgi Sigurðsson (Anna Margrét Jakobsdóttir) fulltrúar stúdenta. Jón Eðvald Friðriksson og Emma Eypórsdóttir (Sigurbjörn Bárðarson, varamaður) valin til setu af fimm manna ráði samanber lög um opinbera háskóla. Háskólaráð kom að mótun fimm ára stefnu Háskólans á Hólum á árinu, auk almennrar stefnumótunar og vinnu að gæðamálum Háskólans á Hólum.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri, Guðmundur Björn Eypórsson fjármálastjóri, Sveinn Ragnarsson deildarstjóri og Guðrún Helgadóttir deildarstjóri þar til 1. ágúst, að Gerogette Leah Burns tók við deildarstjórn og setu í framkvæmdaráði.



Jólahlaðborð starfsmannafélags háskólans.

Fjöldi starfsmanna

Árið 2014 unnu 58 starfsmenn við Háskólann á Hólum, í 43,0 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist með fjölgun starfsmanna við skólann yfir sumarið og að hluta af starfsmannaveltu. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á búinu. Fastir starfsmenn við skólann voru aftur á móti 47 í 41,1 stöðugildum.

Á árinu hófu störf við skólann: Anton Páll Níelsson, Bergur Már Sigurðsson, Fabien Alain Emmanuel Kaissaris, Fredrica Anna Lovisa Fagerlund, Magnea Ósk Sigrúnardóttir og Helga Kristjánsdóttir. Þau Magnea og Fabien unnu bæði tímabundið við háskólann og hættu störfum á árinu. Á árinu létu af störfum: Arnþór Gústavsson, Brynjar S. Sigurðarson, Elín Jónsdóttir, Gestur Páll Júlíusson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Helga Thoroddsen, Ingólfur Arnar Kristjánsson, Ragnheiður Traustadóttir, Sigvaldi Lárus Guðmundsson og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir.

Skrifstofu- og mannauðsstjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum og annarri þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarhald, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn stoðþjónustu voru tíu á árinu, í 8,6 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árabíl hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólin notað póst og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Fundir og kennsla í gegnum nýlegan fjarfundabúnað hafa aukist (Polycom HDX-7000) og hefur það auðveldað samstarf og samskipti um netið.

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram, samstarfið hófst árið 2009. Starfsmenn bókasafns HA komu að kennslu í heimildanotkun og gagnaöflun í upphafi skólaárs. Starfsmenn safnsins eru með viðveru á Hólum aðra hverja viku og eftir þörfum tengt staðbundnum lotum. Einnig veitir starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum, í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Kynningarmál skólans voru einkum þátttaka í Háskóladeginum, í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum, og Degi menntunar í ferðaþjónustu, auk móttöku hópa og einstaklinga á Hólum. Á árinu tók háskólinn einnig þátt í atvinnulífssýningu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Nemendur Háskólans á Hólum taka virkan þátt í kynningarstarfi skólans.



Atvinnulífssýning Skagafirði, 2014.

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Á árinu var líkt og áður boðið upp á fjórar námsleiðir við deildina: Diplóma í ferðamálafræði, diplóma í viðburðastjórnun, BA í ferðamálafræði og MA í ferðamálafræði.

Útskrifaðir voru alls 66 nemendur við tvær athafnir, í júní og október. Í júní útskrifuðust samtals 49 nemendur frá deildinni: Tveir með diplóma í ferðamálafræði, 11 með diplóma í viðburðastjórnun, 35 með BA gráðu í ferðamálafræði og einn með MA gráðu í ferðamálafræði. Í október útskrifuðust 17 nemendur frá deildinni: Átta nemendur með diplóma í ferðamálafræði, fimm með diplóma í viðburðastjórnun, þrír með BA gráðu í ferðamálafræði og einn með MA gráðu í ferðamálafræði.

Haustið 2014 voru 48 nýnemar innritaðir við deildina. Þar af voru fjórir í diplómanám í ferðamálafræði, 18 í diplómanám í viðburðastjórnun, 25 í BA nám í ferðamálafræði og einn í MA nám í ferðamálafræði. Að auki innritaðist einn nemandi í MA nám á vorönn 2014. Miðað við árið 2013, hélst fjöldi nemenda stöðugur í viðburðastjórnun (18) og BA námi í ferðamálafræði (26), en nemendum fækkaði um 10 í diplóma í ferðamálafræði (14). Alls var lokið 5385 ECTS einingum frá deildinni á árinu, þar af 82 ECTS einingum af gestanemendum.

Starfsfólk

Fastráðið starfsfólk við deildina er einn prófessor í 50% starfi, einn dósent í 50% starfi, þrír lektorar í 100% starfi, einn lektor í 70% starfi og einn lektor í 100 % starfi á fyrri helmingi árs, en 50% á seinni helmingi árs. Lektor í 50% stöðu lét af störfum á árinu. Að auki voru sex sérfræðingar ráðnir til stundakennslu við deildina, með ráðningarsamning einungis fyrir árið 2014. Fjórir starfsmenn annarra deilda háskólans komu að kennslu við ferðamáladeild á árinu 2014.

Stjórnun

Guðrún Helgadóttir prófessor lét af störfum sem deildarstjóri 31. júlí 2014, eftir tveggja ára setu. Georgette Leah Burns dósent tók við deildarstjórastöðu frá 1. ágúst 2014. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir. Fulltrúi deildar í kennslunefnd var Laufey

Haraldsdóttir. Fulltrúi deildar í rannsóknanefnd var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Fulltrúar deildar í námsnefnd voru Kjartan Bollason og Georgette Leah Burns. Fulltrúar nemenda í deildinni voru Anna Margrét Jakobsdóttir, Sigurður Borgar Arnaldsson og Ómar Örn Hauksson á fyrri helmingi ársins 2014, en Berglind Ósk Kristjánsdóttir á seinni hluta ársins 2014.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni voru einkum á eftirfarandi sviðum: Ferðaþjónusta á jaðarsvæðum, hestatengd ferðaþjónusta, matur og ferðaþjónusta, og náttúrutengd ferðaþjónusta.

Árið 2014 var starfsmaður deildarinnar einn af tveimur ritstjórum bókar, auk þess sem starfsfólk deildarinnar stóð fyrir útgáfu sjö bókakafla, tveggja ritrýndra greina í tímaritum og þriggja greina í ritstýrðum ráðstefnuritum, sem og einnar greinar í stærsta hestatímariti Íslands. Starfsfólk flutti 15 fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum, 14 fyrirlestra á innlendum ráðstefnum, og kynntu tvö veggspjöld á alþjóðlegum ráðstefnum og eitt veggspjald á innlendri ráðstefnu (Tafla 1).

Tafla 1. Kynning rannsókna við ferðamáladeild árin 2011-2014

	2011	2012	2013	2014
Ritrýnd tímarit	1	0	1	2
Bók	0	0	0	1
Bókakaflar	2	0	1	7
Ráðstefnurit	5	3	1	3
Kynningar á alþjóðlegum ráðstefnum	0	3	13	17
Kynningar á innlendum ráðstefnum	3	4	9	15
Skýrslur	3	0	2	0

Fyrirlestraröð ferðamáladeildar, *Vísindi og grautur*, hófst árið 2007. Hún samanstendur af mánaðarlegum opnum fyrirlestrum um rannsóknir tengdar ferðaþjónustu eða ferðamennsku. Árið 2014 voru haldnir níu fyrirlestrar, þar af komu tveir fyrirlesarar erlendis frá:

- 15 janúar. Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við ferðamáladeild Háskólans á Hólum: Hestaferðaþjónusta; þróun fyrirtækja og atvinnugreinar.
- 19. febrúar. Margrét Reynisdóttir, Gerum betur ehf.: *Þjóðerni og þjónusta – Góð ráð í samskiptum við erlenda gesti*.
- 19. mars. Dr. Anne Buchmann, Háskólanum í Newcastle, Ástralía: *Breytingar í affpreyningu og tómstundum í dreifbýli* (Changes of Recreational Hobbies in a Rural Community.).
- 23. apríl. Susan Moore, prófessor við School of Veterinary og Life Sciences, Murdoch University Perth, Ástralíu: *Þróun og stjórnun til sjálfbærni í náttúrulegsferðaþjónustu* (Developing and managing wildlife tourism for sustainability).

10. september. Skúli Gautason, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu. *Hönnun hátíða.*
8. október. Svandís Egilsdóttir, þjóðfræðingur. *Vel skal fagna góðum gesti: Gestrisni í sófasamfélaginu.*
19. nóvember. Dr Cristi Frent, sérfræðingur við Rannsóknarmiðstöð ferðamála: Ferðaþjónustureikningar á Íslandi – tillögur að úrbótum (Tourism Satellite Account in Iceland - Proposing some improvements).

Þjónusta og samstarf

Starfsfólk ferðamáladeildar veitir ýmiskonar þjónustu, til atvinnugreinarinnar, vísindasamfélagsins og stjórnsýslunnar.

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) er samstarfsverkefni þriggja háskóla: Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum. Ferðamáladeildin tekur virkan þátt í því samstarfi og á deildarstjórninni sæti í stjórn miðstöðvarinnar.

Ferðamáladeild á líkt og áður í formlegu samstarfi við Selasetur Íslands með sameiginlegum starfsmanni stofnananna, sem stundar kennslu og rannsóknir.

Starfsfólk ferðamáladeildar tekur auk þess þátt í ýmsum samvinnuverkefnum: Tveir starfsmenn sitja í stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum, annar sem formaður stjórnar. Ferðamáladeild á fulltrúa í stjórn Fornverkaskólans sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, Tréiðnaðardeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og ferðamáladeildar. Starfsemi og aðferðafræði Fornverkaskólans miðar að því að efla og halda við hverfandi handverki og málfari sem tengist íslenskum byggingararfi. Ferðamáladeild á fulltrúa í stjórn Matarkistu Skagafjarðar sem hýst er hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Verkefnið er samstarfsverkefni ýmissa aðila í héraðinu og miðar að því að efla matarferðaþjónustu og framboð á staðbundnum matvælum á svæðinu. Starfsmaður ferðamáladeildar hélt auk þess eins dags námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu, sem skipulagt var af Farskóla Norðurlands vestra.

Ferðamáladeild hýsti áttundu . ráðstefnuna um íslenska þjóðfélagið á Hólum 15.-16. maí 2014. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Norðan við hrún – sunnan við siðbót* og voru þátttakendur um 50 manns.

Af erlendu samstarfi má nefna verkefnið Riding Native Nordic Breeds, sem styrkt er af NORA og snýst um rannsóknir og yfirfærslu þekkingar í hestaferðaþjónustu á Íslandi, í Færeyjum og Noregi. Ferðamáladeild leggur sem fyrr áherslu á að nýta Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins, EEA (European Economic Area) styrki og styrki Arctic Studies sjóðsins. Einn starfsmaður ferðamáladeildar fór sem gestafræðimaður til Jozef Pilsudski háskólans í Varsjá í Póllandi og annar starfsmaður deildarinnar var fyrri helming ársins við University of the Arctic, Tromsø, Noregi. Þá leiddi samstarf við Griffith háskólann í Ástralíu til útgáfu á ritstýrðri bók og starfsmaður deildarinnar var meðleiðbeinandi þriggja doktorsnema við sama háskóla.

Að auki sitja starfsmenn deildarinnar í ýmsum innlendum og alþjóðlegum vinnuhópum, stjórnnum og ráðum, svo sem í Vísinda- og tækniráði. Prófessor við deildina situr í ritstjórn ritrýnda tímaritsins *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*. Auk þess sem starfsmenn deildarinnar taka þátt í að ritrýna fræðigreinar í sínu fræðasamfélagi fyrir viðurkennd tímarit.

Í upphafi árs 2014 stofnaði ferðamáladeild fagráð, sem var hið fyrsta fyrir deildina og jafnframt hið fyrsta við Háskólann á Hólum. Ráðið hittist tvisvar, í febrúar og september 2014. Ráðinu er ætlað að veita ráðgjöf um framboð námsleiða, kennslu og rannsóknir, frá sjónarhóli atvinnugreinarinnar og stofnana hennar. Markmið þess er að styrkja tengslin milli ferðamáladeildar og ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar, bæði staðbundið og á landsvísu, með það í huga að samþætta fræði og framkvæmd í ferðaþjónustu. Í ráðinu sitja deildarstjóri ferðamáladeildar, ásamt fulltrúum frá Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðamálasamtökum Íslands og Ferðaþjónusta bænda.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Nám og kennsla

Á árinu útskrifuðust sex einstaklingar frá deildinni, fjórir úr diplómanámi í fiskeldisfræði og tveir með BS gráðu í sjávar og vatnalíffræði. Auk þessa varði Amy Laurel Fingerle meistaraverkefni sitt í desember, en mun formlega útskrifast í júní 2015. Á haustmisseri innrituðust fjórir einstaklingar í diplóma nám í fiskeldi. Þrátt fyrir að nemendum í fiskeldi hafi ekki fjölgað við deildina hefur verið vaxandi áhugi á framhaldsnámi við hana. Þannig innritaðist einn nemandi í meistaránám, nú eru þar sex meistaraneimar við nám, og fjórir PhD nemar hófu nám á árinu 2014. Eru nú níu nemendur í doktorsnámi undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Auk þess hefur í vaxandi mæli verið tekið á móti innlendum og erlendum skiptinemum. Erlendu nemendurnir koma nær allir til að stunda verknám undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar.

Deildin hefur um margra ára skeið verið í samstarfi við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Haustið 2014 var boðið upp á sex vikna námskeið um fiskeldi og sóttu það sex nemendur. Í kjölfar námskeiðsins unnu fimm nemendanna að rannsóknarverkefnum við deildina, mun þeim ljúka vorið 2015.

Í kjölfar aukins samstarfs opinberu háskólanna hefur verið óskað í auknum mæli eftir því að sérfræðingar deildarinnar kenni námskeið við aðra háskóla. Sem dæmi um hversu mikilvægt þetta samband er þá kenndi Stefán Óli Steingrímsson, dósent við deildina, í námskeiðum við alla opinberu háskólanna á árinu.



Meistaraneiminn, Amy Laurel Fingerle (fyrir miðju) ásamt andmælanda, Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttur, Rannsóknasetri Háskóla Íslands í Bolungarvík, og leiðbeinendum hennar, Sveini Kára Valdimarssyni, Stefáni Óla Steingrímssyni og Bjarna K. Kristjánssyni sem stýrði vörninni.

Rannsóknir

Á árinu voru rannsóknir við deildina öflugar og fjölgaði meistara- og doktorsnemum. Rannsóknatekjur deildarinnar jukust einnig á árinu. Til viðbótar við verkefni sem í gangi eru frá fyrri árum sóttu starfsmenn deildarinnar um fjölmarga styrki til nýrra verkefna.

Á árinu greindu starfsmenn deildarinnar frá niðurstöðum rannsókna sinna í ræðu og riti. Tíu greinar voru birtar í ISI tímaritum og 13 fyrirlestrar haldnir á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og í boði háskóladeilda.

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að selja hrogn af stofninum úr landi. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem og með hrognasölu. Á árinu var nýtt eldisrými til kynbótastarfs tekið í notkun. Einnig fékkst styrkur til eflingar á aðstöðu í Verinu og voru t.d. settir upp umhverfisstýrðir eldisklefar m.a. til rannsókna á þroska bleikju.

Starfsmenn deildarinnar sátu í ritstjórn viðurkenndra fræðirita á árinu, en Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd *Environmental Biology of Fishes* og *Icelandic Agricultural Science*.

Starfsmenn fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sátu í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera sem lúta að faglegum málefnum. Bjarni K. Kristjánsson var formaður nefndar um innflutning framandi lífvera. Stefán Óli Steingrímsson sat í nefnd um erfðabreyttar lífverur. Helgi Thorarensen var skipaður í stjórn Veiðimálastofnunar, en Stefán Óli varamaður. Stefán Óli Steingrímsson sat í stjórn Laxasetursins á Blönduósi. Skúli Skúlason var formaður faghóps í þriðju rammaáætlun um virkjanakosti.

Hestafræðideild

Nám og kennsla

Alls stunduðu 59 nemendur nám við hestafræðideildina árið 2014 og brautskráðust 13 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu. Átta nemendur af sameiginlegri námsbraut Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskólans stunduðu nám við skólann og útskrifuðust sjö af þeim við athöfn í Landbúnaðarháskólanum vorið 2014.

Skólinn tók fleiri nemendur inn í reiðmennsku og reiðkennslu en á fyrra ári og hófu 23 nám við deildina enda umframeftirspurn nokkur. Það er nú einnig greinileg þörf og áhugi á meistaranámi á sviði hestafræði og reiðmennsku og undirbúningur þess í gangi við deildina.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins.

Starfsmenn

Tveir reiðkennarar hættu störfum, þau Þórdís Anna Gylfadóttir og Sigvaldi Lárus Guðmundsson. Tveir reiðkennarar voru ráðnir í þeirra stað, þau Fredrica Fagerlund og Anton Páll Níelsson. Umsjónarmaður knapamerkja, Helga Thoroddsen hætti einnig störfum á árinu og var Hlín Mainka Jóhannesdóttir ráðin í hennar stað auk þess sem Hlín kennir við deildina.

Rannsóknir

Aðstaða deildarinnar til rannsókna tók nokkrum breytingum á árinu þar sem skólanum áskotnaðist háhraða hlaupabretti ætlað til kennslu og rannsókna. Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Tvær vísindagreinar voru birtar í erlendum ritrýndum tímaritum, fimm útdrættir og nokkrir fyrirlestrar haldnir á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum. Fjölmörg smærri nemendaverkefni settu svip á skólastarfið á haustönn.

Búrekstur – hrossahald

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabil en átta folöld fæddust á árinu. Ekkert hross var selt en níu hross voru sýnd í kynbótadómi og var meðaleinkunn þeirra 8,18, sem telst mjög góður árangur enda hlaut Háskólinn verðlaun sem hrossaræktarþú Skagafjarðar 2014. Hross sem höfð voru á húsi í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 70-80 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel, allnokkru færri en áður. Slæmt

árferði olli vandræðum við heyöflun og hraktist hey og eyðilögðust um 200 rúllur. Þrátt fyrir að heyskapur hafi gengið illa var nægilegur heyforði þar sem búið átti fyrningar frá síðasta ári. Græn fóður af nýræktum var selt bændum í nágrenninu.

Önnur verkefni

Reiðkennarar skólans tóku þátt í ýmsum reiðsýningum og mótum á árinu s.s. Íslandsmóti, Meistaradeild Norðurlands, KS mótröðinni og kennslusýningum í Svíþjóð og Noregi. Starfsfólk hestafræðideildar Háskólans á Hólum tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun starfsgreinarinnar með setu í fagráði í hrossarækt og nefndum á vegum Félags tamningamanna.

Þrír af reiðkennurum skólans sóttu endurmenntunarnámskeið á árinu. Í lok árs leituðu hestamenn í Skagafirði og Sveitarfélagið Skagafjörður til Hólaskóla um hvort skólinn væri tilbúinn að lána aðstöðu fyrir landsmót árið 2016. Forráðamenn skólans tóku vel í hugmyndina.

Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum en í henni felst ýmiss konar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Unnið var að enskri þýðingu kennsluefnis Knapamerkjanna eins og fjármagn leyfði. Aukning er í þátttöku í Knapamerkjunum og voru alls skráð 357 próf í gagnagrunn Knapamerkjakerfisins á árinu.

Deildarstjóri situr í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru: a) Móttaka gesta yfir sumarmánuðina, b) gagnaskráning í ljósmyndavef setursins í samvinnu við Skjalasafn Skagfirðinga.



3. árs nemar í reiðmennsku og reiðkennslu bregða á leik með Elisabeth Jansen.

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Kennslu- og framhaldsnámssvið Háskólans á Hólum sjá um málefni er snúa að nemendum skólans. Á sviðunum starfa kennslu- og framhaldsnámsnefndir, þar sem fulltrúar nemenda eiga sæti. Einn og sami sviðsstjóri er fyrir bæði sviðin, og skrifstofa kennslusviðs skólans sinnir þörfum beggja sviða. Sviðin hafa umsjón með nemendabókhalði, inntöku nemenda, gerð kennsluskrár, alþjóðamálum, námsráðgjöf og bera auk þess ábyrgð á gæðastjórnun námsins. Sviðin taka við kærum og umkvörtunum nemenda og skera úr um ágreiningsmál. Á árinu störfuðu þrír starfsmenn í 1,45 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði.

Á árinu var unnið að gæðaúttekt á Háskólanum á Hólum. Ytri gæðaúttektarnefnd heimsótti skólann í mars og í kjölfar heimsóknarinnar var gefin út matsskýrsla þar sem tilteknir voru þættir sem vel voru gerðir í skólastarfinu og einnig greind atriði þar sem að umbóta var þörf. Í kjölfar úttektarinnar gerði skólinn aðgerðaáætlun um úrbætur, en hluti þeirra sneri beint að kennslusviðum skólans. Á árinu var skipulega unnið að úrbótum og sú vinna heldur áfram.

Sem hluti af samstarfsneti opinberra háskóla var keyptur aðgangur að ritstuldarvarnarforritinu Turnitin. Það forrit eykur möguleika á að greina hugsanlegan ritstuld í verkum nemenda. Á sama tíma og forritið var tekið í notkun voru reglur skólans um ritstuld skerptar.

Samstarf innan samstarfsnets opinberu háskólanna hefur gengið vel. Alls sóttu 22 nemendur annarra opinberra háskóla námskeið við Háskólann á Hólum og fimm nemendur skólans sóttu námskeið til annarra háskóla. Auk þess komu starfsmenn Háskólans á Hólum að kennslu þriggja námskeiða við aðra opinberra háskóla. Kennarar frá Háskóla Íslands komu einnig að kennslu við Háskólann á Hólum.



Brautskráning að vori 2014.

Nemendur og brautskráningar

Við upphaf skólaársins 2014 – 2015 voru 262 nemendur skráðir við nám við Háskólann á Hólum, en fjöldi nemenda hefur farið vaxandi síðastliðin ár. Á árinu brautskráðust 87 nemendur frá skólanum, auk sjö nemenda sem brautskráðust í athöfn við Landbúnaðarháskóla Íslands úr sameiginlegu námi beggja skóla í hestafræðum. Fjöldi brautskráðra nemenda hefur verið nokkuð jafn frá árinu 2011. Á árinu útskrifuðust 65 nemendur úr ferðamáladeild, sex úr fiskeldis- og fiskalíffræðideild og 16 úr hestafræðideild.



Brautskráning að hausti 2014.

Rannsóknasvið

Starfsemi

Rannsóknasvið stóð fyrir tveimur rannsóknadögum á árinu. Hinn fyrri var haldinn 26. maí og var dagskráin í tvennu lagi. Fyrir hádegi fjölluðu átta kennarar, sem koma að kennslu í *Aðferðafræði og rannsóknatengdu námi*, um uppbyggingu námskeiða og sínar hugmyndir um hvernig eigi að standa að þessari kennslu. Eftir hádegi kynntu sjö nemendur og fjórir kennarar rannsóknir sínar. Síðari rannsóknadagur Háskólans á Hólum var haldinn föstudaginn 14. nóvember. Þar kynnti rannsóknanefnd drög að rannsóknastefnu fyrir skólann, en hún lýsir grundvallarstefnu skólans varðandi rannsóknir og stuðning við þær. Fundarmenn gerðu góðan róm að stefnunni og komu með ýmsar góðar ábendingar. Að lokinni umfjöllunina um rannsóknastefnuna kynntu fulltrúar Rannís ýmsa sjóði og möguleika á styrkumsóknum.

Ársverk í rannsóknum árið 2014 voru 11,3. Ársverk sérfræðinga voru 3,6 í fiskeldis og fiskalíffræðideild, 2,1 í ferðamáladeild og 1,6 í hestafræðideild. Fjöldi ársverka sérfræðinga í hverri deild er nánast óbreyttur frá fyrra ári. Fornleifafræðingur var í 75% starfi á vegum skólans. Ársverk sérhæfðs starfsfólks við fiskeldis- og fiskalíffræðideild voru rúmlega 2,9. Að auki var töluvert vinnuframlag framhaldsnema og verknema við rannsóknir á árinu.

Heildartekjur skólans vegna rannsókna- og þróunarverkefna voru 104,5 milljónir króna á árinu og lækkuðu um 7% frá fyrra ári. Styrkir úr samkeppnissjóðum námu 87 milljónum króna og hækkuðu um 13% frá fyrra ári. Eins og áður var stærstum hluta (90%) styrkfjárhæða aflað af fiskeldis- og fiskalíffræðideild.

Rannsóknavirkni

Rannsóknasvið hefur tekið saman upplýsingar um rannsóknavirkni sérfræðinga skólans undanfarin ár (Tafla 2). Fjöldi bókarkafla og greina í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum jókst frá fyrra ári, en fjöldi fyrirlestra og ráðstefnukynninga var svipaður. Í heildina má því segja að rannsóknaframlag akademískra starfsmanna skólans árið 2014 fari vaxandi.

Tafla 2. Rannsóknavirkni starfsmanna Háskólans á Hólum á árunum 2010-2014.

	2010	2011	2012	2013	2014
Bókarkaflar	1	3		1	5
Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum	12	14	13	11	14
Greinar í öðrum tímaritum og ritröðum		4	1	7	4
Greinar í ráðstefnuritum	6	7	3	1	9
Fyrirlestrar og veggspjöld á ráðstefnum	55	48	23	53	52
Ritstjórn bóka og tímarita	4	5	5	5	5
Skiplag alþjóðlegra ráðstefna	2			5	

Viðauki I. Birtingar 2014

A. Bókarkafar

1. Burns, GL, Paterson, M Introduction. In G L Burns and M Paterson (eds), Engaging with Animals: interpretations of a shared existence. In Sydney: Sydney University Press. Pp vii-xii.
2. Burns, GL Animals and Anthropomorphism in the Anthropocene. In G L Burns and M Paterson (eds), Engaging with Animals: interpretations of a shared existence. Sydney: Sydney University Press. Pp 3-20
3. Dłuzewska, A, Bollason, K, Dłuzewski, M and Fidelus, J 2014. Nature-based Tourism in Desert Areas: Challenges for Tourism Education. In C. Aitchison (ed), Education and Outdoor Learning: Adventure, Tand Sustainable Development, pp. 73-86. LSA Publication No. 122.
4. Gunnarsdóttir, Gþ and Jóhannesson, GT. Weaving with Witchcraft: Tourism and Entrepreneurship in Strandir, Iceland. In Granås, B. og Viken, A. (eds.), Destination Development in Tourism: Turns and Tactics, pp. 95-112. Farnham: Ashgate.
5. Haraldsdóttir, L og Gunnarsdóttir, Gþ. Pure, fresh and simple „spicing up“ the New Nordic Cuisine. In L. Jolliffe (ed) Spices and Tourism, Destination, Attractions and Cuisine, pp. 169-182. Channel View Publications.

B. Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum

1. Arnason, T, Gunnarsson, S, Imsland, AK, Thorarensen, H, Smaradottir, H, Steinarsson, A, Gustavsson, A, Johannsson, M, Bjornsson, BT. Long-term rearing of Arctic charr *Salvelinus alpinus* under different salinity regimes at constant temperature. Journal of Fish Biology **85**(4): 1145-1162.
2. Kristjánsson, BK, Snorrason, SS, Leblanc, C Noakes, DLG, Skúlason, S. Lífið á jaðrinum: Dvergbleikja (*Salvelinus alpinus*) í íslenskum lindarbúsvæðum. Náttúrufræðingurinn **84**:123-131
3. Gunnarsson, S, Johannsson, M, Gustavsson, A, Arnason, T, Arnason, J, Smaradottir, H, Bjornsson, BT , Thorarensen, H, Imsland, AK. Effects of short-day treatment on long-term growth performance and maturation of farmed Arctic charr *Salvelinus alpinus* reared in brackish water. Journal of Fish Biology. **85**(4): 1211-1226.
4. Helgadóttir, G. Culture and society in tourism contexts. Annals of Tourism Research **45**: 184-185.
5. Jansson, A, Hedenström, U and Ragnarsson, S. A survey of training regimes used by top trainers of the Icelandic pace racing horse. Comparative Exercise Physiology, **10** (4): 253-257.
6. Johannsdóttir, J, Heimisdóttir, HL, Hakonardóttir, K, Hrolfsdóttir, L, Steinarsson, A, Imsland, AK, Thorarensen, H, Bergsson, AB, Bjornsdóttir, R. Improved performance of Atlantic cod (*Gadus morhua* L.) larvae following enhancement of live feed using a fish protein hydrolysate. Aquaculture Nutrition **20**(3): 314-323.
7. Kuttner, E, Parsons, KJ, Easton, AA, Skulason, S, Danzmann, RG, Ferguson, MM. Hidden genetic variation evolves with ecological specialization: the genetic basis of phenotypic plasticity in Arctic charr ectomorphs. Evolution and Development, **16**(4): 247-257.
8. Leblanc, CA, BK, Kristjánsson, and Skúlason, S. The importance of egg size and egg energy density for early size patterns and performance of Arctic charr *Salvelinus alpinus*. Aquaculture Research: **2014**: 1–12, doi:10.1111/are.12566.
9. Lucek, K, Sivasundar, A, Kristjansson, BK, Skulason, S, Seehausen, O. Quick divergence but slow convergence during ecotype formation in lake and stream stickleback pairs of variable age. Journal of Evolutionary Biology **27**(9): 1878-1892.
10. Olafsdóttir, GA, Andreou, A, Magellan, K, Kristjansson, BK. Divergence in social foraging among morphs of the three-spined stickleback, *Gasterosteus aculeatus*. Biological Journal of the Linnean Society **113**(1): 194-203.
11. Pálsson, S, Magnúsdóttir, H, Reynisdóttir, , Jonsson, ZO, Ornlófsdóttir, EB. Biological Journal of the Linnean Society **111**(1): 145-159.
12. Quintela, M, Johannsson, MP, Kristjansson, BK, Barreiro, R, Laurila, A. AFLPs and Mitochondrial Haplotypes Reveal Local Adaptation to Extreme Thermal Environments in a Freshwater Gastropod. PLOS ONE **9**(7): e101821
13. Singh, W, Ornlófsdóttir, EB, Stefansson, G. A Small. Distributions Obtained from a Camera Based Autonomous Underwater Vehicle and Dredge Survey. PLOS ONE **9**(10): e109369.
14. Stefansson, GJ, Ragnarsson, S, Gunnarsson, V, Jansson, A. Physiological response to a breed evaluation field test in Icelandic horses. Animal **8**(3): 431-439.

C. Opinberir boðsfyrirlestrar

1. Skúlason, S, keynote speaker. Towards eco evo devo synergy: Northern freshwater fishes as model systems Nordic Oikos Congress, Natural History Museum in Stockholm 3. til 6. febrúar 2014. Sjá: http://www.zoologi.su.se/nordic_oikos2014/.

D. Greinar í ráðstefnuritum

1. Burns, GL. Animals and Tourism: An ethical scrutiny of relationships between tourists and wildlife. In: ISAZ 2014 – Animals and Humans Together: Integration in Society. Vienna, July. p222.
2. Burns, GL and Granquist, S. Codes of conduct: Managing interactions between visitors and wildlife in natural areas. In: The 7th International Conference on Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas. Tallin, Estonia. August 20-23, 2014. p 80-81.
3. Lewis, P-M, Burns, GL, Jones, D and Smart, J. Human Coyote Co-existence and Innovative Management Options: A case study in the city of Boulder, CO, USA. ISAZ 2014 – Animals and Humans Together: Integration in Society. Vienna, July. Co-authors: Paula Lewis, Jim Smart, Darryl Jones. p140.
4. Ragnarsson, S, Jansson, A. Subjective Evaluation of Muscle Conformation in Horses Subjected to Pace Training or not. EQUINE VETERINARY JOURNAL 46(S46):8-8
5. Rayappan CR, Cockram, MS, Dohoo, IR, Ragnarsson, S. Welfare of horses transported to slaughter in Iceland. Proceedings of the 6th international conference on the assessment of animal welfare at farm and group level, Wageningen Academic Publishers; 01/2014
6. Sigurðardóttir, I. Conducting mixed methods research in equestrian tourism. In: ATLAS annual conference 2014, Tourism Methodologies – New Perspectives, Practices and Procedures. Budapest: Association for Tourism and Leisure Education and Research, pp. 18-21.
7. Sigurðardóttir, I. Equestrian tourism as a contributor to wellbeing and happiness. In: ATLAS annual conference 2014, Tourism Travel and Leisure – Sources of Wellbeing, Happiness and Quality of Life. Budapest: Association for Tourism and Leisure Education and Research, pp. 39-43.
8. Stefánsdóttir G, Kullberg NM and Jansson A. Relationship between judges' comments on pace and horses' plasma lactate concentration in an official breed evaluation field test in Icelandic horses. (Abstract). Equine Veterinary Journal, supplement 46, 14.
9. Stefánsdóttir GJ, Ragnarsson S, Gunnarsson V and Jansson A. A pilot study on the physiological response to an official breed evaluation field test in Icelandic horses (Abstract). Equine Veterinary Journal, supplement 46, 14.

E. Erindi á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum

1. Amy Fingerle, Nicolas Larranaga & Stefán Óli Steingrímsson. Effect of Population Density on Diel Activity and Growth in Stream-Dwelling Arctic Charr. American Fisheries Society í Quebec city, Canada í ágúst 2014.
2. Burns, GL and Granquist, S. Codes of conduct: Managing interactions between visitors and wildlife in natural areas. Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas. Tallin, Estonia. August 20-23, 2014.
3. Burns, GL. Animals as Tourism Objects: Ethically refocusing the relationships between tourists and wildlife. Landsyn conference, Hvannýri, Iceland. March 7.
4. Burns, GL. Coding the Future: using codes of conduct to manage wildlife tourism in Iceland. 8th Conference on Icelandic society. Hólar University College, Iceland. 15 -16. May.
5. Burns, GL. Ethically managing wildlife tourism in Iceland. Þjóðarspeggill XV: Conference on Social Sciences. Reykjavik, Iceland. October 30.
6. Burns, GL. Human-Seal Interrelations in Northern Europe: Cultural values and perceptions. Human-seal interrelations - exploratory workshops on faunal history and exploitation of seals in Northern Europe. Stockholm University, Sweden. 13-15 November.
7. Fingerle, A, Larranaga, N, Steingrímsson, SÓ. Population density, diel activity, and growth in juvenile Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). Erindi á Vistfræðiráðstefnunni 2013.
8. Govoni, D, Kristjánsson, BK, Ólafsson, JS. Chironomids in Icelandic Cold Springs. 19th International Symposium on Chironomidae. 20. August 2014. České Budějovice, Czech Republic.
9. Haraldsdóttir, L. Food, place, identity. Rural (food)tourism at the crossroads in Iceland. Presentation at the AFS (American Folklore Society) annual meeting. Santa Fe, NM, USA, November 5-8th
10. Haraldsdóttir, L. Matur og staður. Samtal við ferðaþjónustuaðila (Food and place. A conversation with tourism entrepreneurs). Þjóðarspeggill XV: Conference on Social Sciences. Reykjavik, Iceland. October 30.
11. Haraldsdóttir, L. Viðhorf og áherslur ferðaþjónustuaðila varðandi veitingar; hvað liggur að baki? Tourism operators attitude and emphasis in relation to food; what is behind?. 8th Conference on Icelandic society. Hólar University College, Iceland. 15 -16. May.
12. Helgadóttir, G, Sigurðardóttir, I. Why do you have so many horses? Horse culture in Iceland Invited presentation at European Association of Animal Producers Horse Commission session at EAAP 2014, Tivoli Congress Center, Copenhagen August 25.
13. Helgadóttir, G. Dear international guests and friends of the Icelandic horse II. Institutt for Økonomi og Informatikk. Høgskolen i Telemark, Bø, Norway. October 17.

14. Helgadóttir, G. Lopaminni 8. ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið. Hólar í Hjaltadal, Iceland. May 15
15. Helgadóttir, G. Seriously being with horses. Third International Adventure Conference, adventures in empty lands? Quality Hotel, Sogndal, Norway. November 23-26.
16. Helgadóttir, G. Sheepish presence at horse round-ups. Landsýn, Hvanneyri, Iceland. March 7.
17. Helgadóttir, G. Suksessfaktorer ved bruk av nasjonal hesterase på Island. Hesteturisme i Nord-Norge. Seminar at Bioforsk Tjøtta, Nordland, September 26.-27.
18. Larranaga, N, Steingrímsson, SÓ. Shelter Availability Affects the Size-Dependent Diel Activity of Arctic Charr *Salvelinus alpinus*. American Fisheries Society í Quebec city, Canada í ágúst 2014.
19. Larranaga, N, Steingrímsson, SÓ. Repeatability and ecological correlates of foraging and mobility by Arctic charr *Salvelinus alpinus*. Erindi á Vistfræðiráðstefnunni 2013.
20. Marschall, S, Burns, GL and Granquist, S. 2014 I saw the sign: Modifying visitor behaviour at a seal watching site. Þjóðarspeggillinn XV: Conference on Social Sciences. Reykjavík, Iceland. October 30.
21. Sigurðardóttir, I, Steinþórsson, RS. Hestatengdur klasi á Norðurlandi vestra (e. A horse based business cluster in North West Iceland). 8. Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið, Hólum, Iceland. May 15.
22. Sigurðardóttir, I, Steinþórsson, RS. Horse-based recreation and entrepreneurship as a driver of rural development in North West of Iceland. 2014 International Adventure Conference Sogndal, Norway. November 25.
23. Sigurðardóttir, I. 2014. Hestaferðaðþjónusta, skilgreiningar og hugtök (e. Equestrian tourism, definitions and concepts). Þjóðarspeggillinn, Reykjavík, Iceland. October 31.
24. Sigurðardóttir, I. Conducting mixed methods research in equestrian tourism. ATLAS Annual Conference, Budapest. October 21.
25. Sigurðardóttir, I. Developing a professional horse tourism business: operators experience and challenges. International Adventure Conference Sogndal, Norway. November 25.
26. Sigurðardóttir, I. Equestrian tourism as a contributor to wellbeing and happiness. ATLAS Annual Conference, Budapest. October 23.
27. Sigurðardóttir, I. Gestir í hestaferðaðþjónustu fyrr og nú. (e. The horse-based tourism stomers in past and present). 8. Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið, Hólum, Iceland. May 15.
28. Sigurðardóttir, I. Lífstíll verður ferðavara; tengsl hestamennsku og ferðaðþjónustu (e. Lifestyle becomes a tourism product; the relations of equestrianism and tourism). Landsýn, Hvanneyri, Iceland. March 7.
29. Sigurðardóttir, I, Steinþórsson, RS. Hestar og þróun klasa; hestatengdur klasi á Norðurlandi vestra (e. Of Horses and cluster development: A horse based business cluster in North West of Iceland). Landsýn, Hvanneyri, Iceland. March 7.
30. Skúlason, S. Að hafa tilfinningu fyrir náttúrunni í vísindum. Hugvísindaping Háskóla Íslands 14. Mars 2014, „Lífið er félagsskapur“ – Málstofa um Guðmund Pál Ólafsson. Sjá: http://hugvis.hi.is/sites/hugvis.hi.is/files/dagskra_hugvisindathing_2014_3.pdf
31. Skúlason, S. What can evolution teach us about animal breeding. Landbúnaðarháskóli Íslands 21. nóvember 2014.
32. Stefánsdóttir GJ. A pilot study on the physiological response to an official breed evaluation field test in Icelandic horses. ICEEP, Chester Englandi 16-20. júní 2014.
33. Steingrímsson, SÓ, Larranaga, N, Fingerle, A., Tunney, TD, Gunnarsson, GS. Conducting Direct Behavioral Observations on Fish in Subarctic Freshwater Systems: Lessons from Iceland. American Fisheries Society í Quebec city, Canada í ágúst 2014.

F. Erindi á málþingi, málstofu eða fundum faghópa

1. Gunnarsdóttir, GÞ. Focus on Narratives. Project presentation at the research seminar of the Icelandic Tourism Research Centre at Hvanneyri, Iceland. Nov. 6th- 7th.
2. Gunnarsdóttir, GÞ. Heksemuseet i Hólmavík, Island: Entreprenører og nettverk i etableringen av en turistattraksjon. (e. The Sorcery and Witchcraft Museum in Hólmavík, Iceland: The role of entrepreneurs and network in destination development. Presentation at the seminar Trolldomshistorien som reiselivsprodukt. Held by NordNorsk Reiseliv at Vardø, Norway March 25th.
3. Gunnarsdóttir, GP. Melting into a Place: Bræðslan the music festival as an identity project. Presentation at a seminar in the PhD tourism program at the Department of Sociology, Political Science and Community Planning May 30th Norway.
4. Gunnarsdóttir, GÞ. Narrating the success of an event: Event – place and identity. Presentation at Tourism seminar in Alta Oct 30th. held by the University of the Arctic, Tromsø, Norway.
5. Haraldsdóttir, L. Verið velkomin, hvað má bjóða ykkur að borða? Væntingar ferðafólks til veitinga á Íslandi. Á málþinginu "Hvað er í matinn? Samtal ferðaðþjónustu og landbúnaðar í Skaftárhreppi" á Kirkjubæjarklaustri á vegum "Friðar og frumkrafta" (Skaftárhreppur o.fl.) í Iceland

Ársskýrsla Hólaskóla – Háskólans á Hólum 2014

6. Haraldsdóttir, L. Viðhorf og sýn ferðapjónustufólks. Rannsóknardagur HH, Iceland.
7. Helgadóttir, G and Sigurðardóttir, I. 2014 Suksessfaktorer ved bruk av nasjonal hesterase på Island. Hesteturisme i Nord-Norge. Presented at seminar at Bioforsk Tjøtta, Nordland, September 26th-27th.
8. Sigurðardóttir, I, Steinþórsson, RS. The scope and impact of the horse sector. The case of equestrian cluster development in North West Iceland. „Strengthening the native breed horse tourism in the North Atlantic region“ - RNNB Final Seminar, Iceland.
9. Sigurðardóttir, I. Hestaferðapjónusta; þróun fyrirtækja og atvinnugreinar. Vísindi og grautur, Hólum, Iceland.
10. Sigurðardóttir, I. Horse breeding and tourism development in Iceland. Felagið Føroysk Ross and Búnaðarstovan, Føreyjum.
11. Sigurðardóttir, I. What have we got so far: Native horse breed situation in Iceland. „Strengthening the native breed horse tourism in the North Atlantic region“ - RNNB Final Seminar, Iceland.
12. Skúlason, S. Fjölbreytileiki íslenskra ferskvatnsfiska. Stangveiðifélag Borgarnes. 11. apríl 2014.
13. Skúlason, S. Maternal effects and the evolution of divergence in fishes. Fyrirlestur í fyrirlestarröð – ‘Fish Lunch’ - Centre for Biological Diversity, School of Biology University of St Andrews, Skotlandi. 15. október 2014.
14. Skúlason, S. Um nýja strauma og stefnur innan þróunarfræðilegrar vistfræði. Fræðsluerindi Hins Íslenska Náttúrfræðisfélags. 31. mars 2014.
15. Stefánsdóttir, GJ. Líkamlegt álag á hross á kynbótasýningum (á íslensku). Aðalfundur hrossaræktardeildar Hóla- og Viðvíkurhrepps, 5.apríl 2014.
16. Stefánsdóttir, GJ. Physiological response to a breed evaluation field test in Icelandic horses. Alþjóðlegur fundur fyrir kynbótadómara íslenskra hrossa, á vegum FEIF, á Hólum í Hjaltadal 28. mars 2014.
17. Stefánsdóttir, GJ. Physiological responses to exercise in the Icelandic horse. Hästforskarträff SLU and SVA Uppsala, Sweden, 22.október 2014.
18. Stefánsdóttir, GJ. Þjálfunarlífeðlisfræði íslenska hestsins (á íslensku). Rannsóknardagur á Hólum, 26.maí 2014.

G. Ritstjórn bóka og tímarita

1. Kristjánsson, BK Environmental Biology of Fishes.
2. Burns, GL, Paterson, M (eds) Engaging with Animals: interpretations of a shared existence. Editors: G L Burns and M Paterson. Sydney: Sydney University Press.
3. Helgadóttir, G. Aðstoðarritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism.
4. Helgadóttir, G. Í ritstjórn tímaritsins FORMakademisk
5. Helgadóttir, G. Í ritstjórn tímaritsins European Journal of Tourism Hospitality and Recreation.

H. Fræðilegar skýrslur, ritdómar og aðrar greinar

1. Skúlason, S. Að hafa tilfinningu fyrir náttúrunni í vísindum. Tímarit Máls og Menning 2014-2: 11-19.
2. Midgely, S, Burns GL. Sustainable Wildlife Tourism: Guidelines and advice for sustainable wildlife tourism in Iceland, Greenland, Faroe Islands and Norway. The Wild North Project: Icelandic Seal Center, Iceland.
3. Helgadóttir, G. Book review: Between art and artifact: archaeological replicas and cultural production in Oaxaca, Mexico by Rhonda Brulotte. Journal of Heritage Tourism, DOI:10.1080/1743873X.2013.812869
4. Sigurðardóttir, I. Heilsa og vellíðan - sóknarfæri í hestaferðapjónustu. Eiðfaxi, 12, pp. 19-21.

Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum 2014

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 02-217			
Rekstrarreikningur			
	Reikningur 2014	Reikningur 2013	Fjárheimildir 2014
Tekjur			
Sértekjur.....	210.404.100	200.672.076	217.200.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	16.386.832	17.069.160	20.100.000
Tekjur samtals	226.790.932	217.741.236	237.300.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	516.369.467	501.250.303	510.700.000
101 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum.....	516.369.467	501.250.303	510.700.000
Viðhald.....	0	165.997	3.900.000
501 Viðhald fasteigna.....	0	165.997	3.900.000
Gjöld samtals	516.369.467	501.416.300	514.600.000
Tekjur umfram gjöld.....	-289.578.535	-283.675.064	-277.300.000
Framlag úr ríkissjóði.....	277.300.000	304.175.000	277.300.000
Hagnaður/tap ársins.....	-12.278.535	20.499.936	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2014	Reikningur 31.12.2013
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	100.000	100.000
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	100.000	100.000
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	63.527.936	53.360.222
Handbært fé.....	23.906.066	34.260.712
Veltufjármunir samtals.....	87.434.002	87.620.934
Eignir samtals.....	87.534.002	87.720.934
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	-157.249.202	-177.749.138
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-12.278.535	20.499.936
Höfuðstóll í árslok.....	-169.527.737	-157.249.202
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	-169.527.737	-157.249.202
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	238.691.277	233.089.710
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	18.370.462	11.880.426
Skammtímaskuldir samtals.....	257.061.739	244.970.136
Skuldir samtals.....	257.061.739	244.970.136
Skuldir og eigið fé samtals.....	87.534.002	87.720.934